

Rangárþing ytra  
b/t Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 28. október 2019  
UST201909-103/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Svínhagi Ás 7 – Rangárþingi ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Svínhaga Ás 7 í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið tekur yfir um 5,1 ha lóðar Svínhaga Ás-7. Í tillögunni er gert ráð fyrir m.a. byggingu íbúðarhúss, frístundahúss, tveimur gestahúsum, aðstöðuhúsi, skemmu, sauna og geymslu.

#### **Sérstaka verndin**

Í greinargerð kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt fram drög að afmörkun svæða sem njóta sérstakrar verndar skv. 62 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að afmörkun í kortasjá NÍ á þeim vistkerfum og jarðmyndum sem njóta sérstakrar verndar eru ekki lengur drög þar sem fyrsta útgáfa var formlega sett út á vefinn 9. apríl 2019 eftir að búið var að yfirfara GIS þekjur.

Í greinargerð kemur fram að á hluta svæðisins eru forsöguleg hraun sem þegar hefur verið raskað með vegi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver áhrif tillögunnar er á hraunið og hvaða leiðir verða farnar til að forðast röskun á hrauninu líkt og kveðið er á um í 61. gr laga um náttúruvernd.

### Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar mosamóavist sem er með lágt verndargildi og víðikjarrvist sem er með mjög hátt verndargildi.

Í 2. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem fjallað er um verndarmarkmið vistgerða, vistkerfa og tegunda segir: Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða og að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar,

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að vernda vistgerðir með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur